Hvenær börnum Marbakka er boðið upp á sætmeti og pylsur.

Úr næringarstefnu leikskóla Kópavogs:

*„Leikskólar Kópavogs leggja áherslu á að lágmarka allan sykur í matargerð og bakstri, s.s. strásykur, púðursykur, hrásykur, sýróp og hunang. Sykur ýtir undir óstöðugan blóðsykur og getur valdið neikvæðum hegðunarbreytingum hjá börnum og jafnvel valdið vanlíðan og þreytu...*

*Matur er meira en holl næring, hann hefur félagslegt gildi og honum fylgir ákveðin matarhefð. Leikskólar Kópavogs leggja rækt við íslenska matarhefð og fyrir vikið er m.a. boðið upp á þorramat á Þorranum, saltkjöt og baunir á sprengidag, rjómabollur á bolludag og bæði hangikjöt og smákökur fyrir jólin".*

Með sætmeti erum við að vísa í veitingar sem innihalda sykur í einhverju mæli svo sem í kexkökum, kleinum, sultu, tómatsósu og ýmsum tilbúnum drykkjum kakói og djúsi.

Auk þess að sneiða hjá sætmeti þá forðumst við að bjóða upp á unnar kjötvörur sem bæði geta innihaldið óhóflegt magn af salti og sykri.

Á eftirtöldum dögum ársins er boðið upp á sætmeti og eða unnar kjötvörur t.d. vegna íslenskra matarhefða:

Á bolludeginum er börnunum boðið uppá rjómabollur með sultu og glassúr.

Á sprengideginum borðum við saltkjöt og baunir.

Á öskudegi er börnum boðið upp á pylsur með öllu. Börnin fá einnig snakk þegar kötturinn er sleginn úr tunnunni.

Við útskrift elsta árgangsins í maí er boðið upp á súkkulaðiköku og djús að drekka.

Í útskriftarferð elsta árgangsins í lok maí eða byrjun júní er boðið upp á pylsur og kex.

Á sumarhátíð foreldrafélagsins í júní er boðið upp á pylsur með öllu og djús.

Í desember baka börnin piparkökur sem boðið er uppá í jólakaffinu fyrir þau og aðstandendur þeirra.

Í desember er börnunum boðið upp á kleinur og kakó úti þegar jólasveinar koma óvænt í heimsókn.

Auk þessa er stöku sinnum boðið upp á kex í vettvangsferðum, það kemur fyrir að boðið sé upp á sultu ofan á brauð og að það sé boðið upp á tekex í kaffitímum.

Stöku sinnum er boðið upp á eð dýfa eplaskífum sem hitaðar eru yfir eldi í kanilsykur.

Reynt er að það fæði sem boðið er upp á í leikskólanum innihaldi ekki sætuefni.

Tekið saman í október 2022 og yfirfarið og litlu breytt í ágúst 2026